

**Ná.**

### **31. Frumvarp**

til laga um varnir gegn vörtupest í kartöflum og annari sýkingu nytjajurta.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til að gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar, til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar, skaðleg kvikindi, skordýr o. fl. flytjist til landsins, og enn fremur til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma eða kvikinda, er kunna að vera komin til landsins eða hingað kunna að berast.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvaða sjúkdóma og kvikindi beri að skoða svo hættuleg, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að útnefna einn eða fleiri menn til eftirlits, þar sem hætta getur verið á sjúkdómum eða kvikindum, skaðlegum fyrir gróðurinn. Er eftirlitsmönnum heimilt og skylt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsóknar og gera þær bráðabirgðarástafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að með þeim felist sjúkdómar, t. d. vörtupest í kartöflum (*Synchytrium endobioticum*), eða skaðleg kvikindi, er skyldur að tilkynna það samkvæmt ákvæðum stjórnarráðsins, og má hann ekkert láta flytja burt af því fyr en leyfi er fengið. Tilkynningunni skyldi fylgja sýnishorn til rannsóknar, ef unt er.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að vottorð skuli fylgja hverri kartöflusendingu til landsins, þaðan sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist, um

að kartöflurnar sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og að umbúðir sjeu nýjar og ósóttnæmar.

6. gr.

Ákveði stjórnarráðið, að uppskeru skuli eyðileggja, skal greiða bætur fyrir það úr rikissjóði, þó eigi hærri en nemi  $\frac{3}{4}$  þeirrar upphæðar, sem dómkvaddir matsmenn ákveða, að sje hæfilegt verð uppskerunnar.

Kostnað við sóttbreinsunartæki, eiturvökva og þess háttar má greiða eftir ákvæðum stjórnarráðsins, svo og kostnað við aðrar varnarráðstafanir, sem stjórnarráðið fyrirskipar. Eigendum varanna, áhaldanna, garðanna eða gróðurreitanna ber þó að láta endurgjaldslaust í tje nauðsynlega vinnu við fyrirskipaðar varnarráðstafanir.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi um leið og þau hafa verið undirskrifuð.

Greinargerð.

Á fundi Búnaðarþingsins 15. þ. m. var samþykkt í einu hljóði svo látandi tillaga:

»Búnaðarþingið mælir eindregið með því, að hið háa Alþingi semji nú þegar lög um varnir gegn innflutningi á vörtupest (Synchytrium endobioticum), þar sem þess sje krafist, að vottorð fylgi hverri kartöflusendingu frá þeim löndum, sem sjerstaklega er hætta á, að veiki þessi berist frá. Í vottorðinu sje skýrt tekið fram um, að kartöflurnar sjeu heilbrigðar og lausar við þennan greinda sjúkdóm, og að umbúðir sjeu nýjar og ósóttnæmar«.

Tilfnið er það, að í nágrannalöndunum, einkum í Noregi, gengur nú hin umgetna »vörtupest« í kartöflum. Lágu fyrir Búnaðarþinginu umsagnir um málið, bæði frá garðyrkjustjóra og garðyrkjuráðunaut Búnaðarfjelagsins.

Að ósk stjórnar Búnaðarfjelags Íslands hefir garðyrkjustjóri samið framanskráð frumvarp, með hliðsjón af samskonar löggjöf í nágrannalöndunum. Garðyrkjustjóri ljet eftirfarandi ummæli fylgja frumvarpinu: